



AÐALSKIPULAG MÝRDALSHREPPS 2012-2028

LÝSING SKIPULAGSVERKEFNIS

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Maí 2017

1. LÝSING SKIPULAGSVERKEFNIS

Óskað hefur verið eftir því að gera breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna breyttrar landnotkunar við jörðina Péturshólar (áður hluti af jörðinni Vellir). Breytingin felst í að skilgreina verslunar- og þjónustusvæði á núverandi landbúnaðarsvæði.

Unnin er lýsing skipulagsverkefnis í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

2.1 Forsendur

Ferðaþjónustan hefur vaxið mikið undanfarin ár og stöðugt fjölgar ferðamönnum sem heimsækja Mýrdalshrepp til að upplifa óviðjafnanlegt umhverfi. Aukning ferðamanna til landsins árið 2016 frá árinu á undan var 39%. Um 30% og aukning var á milli áronna þar á undan. Spáð er áframhaldandi vexti næstu árin.

Í aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 kemur fram að stefna sveitarfélagsins sé að stuðla og styðja við vöxt ferðaþjónustunnar (bls. 19 í greinargerð aðalskipulags). Til að geta tekið á móti síauknum ferðamönnum Mýrdalshrepps þarf að tryggja góða þjónustu og aðstöðu.


2.2 Breytingar á aðalskipulagi

Gert er ráð fyrir því að breyta Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 á þann hátt að afmarka verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustu á jörðinni Péturshólar. Svæðið er staðsett á landbúnaðarsvæði á gildandi aðalskipulagi. Á myndum 2 og 3 er sýnd gildandi aðalskipulag og staðsetning fyrirhugaðs verslunar- og þjónustusvæðis.




Mynd 1 Staðsetning aðalskipulagsbreytingar

Stærð verslunar- og þjónustusvæðis á Péturshólum er 4 ha.



Mynd 2 Gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps



Mynd 3 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

2.3 Samræmi við stefnu

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins sem sett er fram í aðalskipulagi um að styðja við vöxt ferðaþjónustu.

Samkvæmt skilmálum aðalskipulagsins er ekki heimilt að skerða landbúnaðarsvæði nema með leyfi sveitarstjórnar. Við ákvörðun mun sveitarstjórn líta til:

- Gæða og framboðs landbúnaðarlands
- Áhrifa á aðliggjandi svæði

Ekki er gengið á verndaráætlanir sem eru í gildi í sveitarfélaginu.

3. UMHVERFISÁHRIF

Breytingartillagan fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, þar sem hún markar ekki stefnu um framkvæmdir sem háðar eru lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð aðalskipulags verður fjallað um umhverfisáhrif skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í samræmi við áherslur í umhverfisskýrslu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012-2028 verður gerð grein áhrifum breytingar á eftirfarandi þætti:

- ▶ Landnotkun: Er gengið á ræktanlegt land? Hefur breyting áhrif á aðliggjandi svæði?
- ▶ Ásýnd: Hafa ný svæði fyrir verslun og þjónustu áhrif á ásýnd?
- ▶ Hefur breytingin áhrif á vatnsvernd?

Við mótnun skipulagsbreytingar verður litið til tengsla hennar og samræmi við aðrar áætlanir s.s. Velferð til framtíðar, Náttúruminjasrá, Náttúruverndaráætlanir, hættumat vegna ofanflóða, Ramsarsamningurinn og stefnumörkun um líffræðilega fjölbreytni.

4. FRAMSETNING GAGNA

Breytingartillagan verður sett fram á A3, þar sem fram kemur:

- Aðalskipulag í gildi (mkv. 1:20.000)
- Tillaga að breytingu (mkv. 1:20.000)
- Greinargerð og helstu umhverfisáhrif.

5. SAMRÁÐ OG KYNNINGAR

Skipulagslýsing ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi verður aðgengilegt á heimasíðu Mýrdalshrepps, www.vik.is.

Mýrdalshreppur mun auglýsa kynningu á skipulagsgögnum og eru helstu umsagnaraðilar eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Ferðamálastofa

Hægt verður að senda ábendingar á skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps, Vigfús Þór Hróbjartsson, bygg@vik.is eða athugasemdir merktar Aðalskipulag Mýrdalshrepps á póstfangið, Mýrdalshreppur, Austurvegur 17, 870 Vík.

6. SKIPULAGSFERLIÐ

Stefnt er að því að ljúka skipulagsvinnu eins fljótt og auðið er. Til að það gangi eftir þurfa helstu áfangar skipulagsins að vera eftirfarandi:

- Maí 2017: Kynning á lýsingu verkefnis.
- Maí - júní: Kynning á drögum að aðalskipulagsbreytingu.
- Júní: Tillaga að aðalskipulagsbreytingu.
- Júlí - ágúst: Auglýsing á tillögu að aðalskipulagsbreytingu.
- September - október: Afgreiðsla Mýrdalshrepps og staðfesting Skipulagsstofnunar á gildistöku aðalskipulagsbreytingar.